# Ársþing HSÞ 2018
# Haldið í Ýdölum sunnudaginn 11. Mars 2018

1. **ÞINGSETNING:** Anita Karin Guttesen Kl.10:10
   **Starfsmenn þingsins kosnir:** kl:10:15
   - **Þingforseti:** Ari Heiðmann Jósavinsson
   - **Þingritarar:** Jón Sverrir Sigtryggsson og Inga Þórey Ingólfsdóttir
   - **Kjörbréfanefnd kosin:** Hermann Aðalsteinsson formaður, Birna Davíðsdóttir, Árni Garðar Helgason

**2. Skýrsla stjórnar:** Anita Karin Guttesen kl.10:20
Sjá í ársskýrslu. Samþykkt samhljóða.

**3. Reikningar sambandsins:** Stefán Jónasson kl.10:30
Sjá í ársskýrslu. Samþykkt samhljóða.

**4. Álit kjörbréfanefndar:** Hermann Aðalsteinsson kl.10:35
Þingið er löglegt. Fulltrúar frá 19 félögum mættir af 22 aðildarfélögum auk fulltrúa Frjálsíþróttaráðs, samtals 58 þingfulltrúar. Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**Mývetningur íþrótta- og ungmennafélag:** Sigurbjörn R. Björgvinsson, Steingrímur V. Karlsson, Jóhanna Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjalti Gylfason.
**Golfklúbbur Húsavíkur:** Jóhanna Guðjónsdóttir, Birna D. Magnúsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Ásdís Jónsdóttir
**Umf. Bjarmi:** Birna Davíðsdóttir, Jón Þ. Óskarsson, Helen Jónsdóttir
**Umf. Leifur heppni:** Magnea Dröfn Hlynsdóttir, Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir
**Umf. Efling:** Gunnhildur Hinriksdóttir, Óttar Jósefsson, Aðalsteinn Már Þorsteinsson, Stefán Bogi Aðalsteinsson.
**Umf. Langnesinga:** Jónas Egilsson, Sigríður H. Jóhannesdóttir, Almar Marínósson, Halldóra J. Friðbergsdóttir, Jódís A. Jóhannsdóttir, Þorsteinn Æ. Egilsson, Ásdís H. Viðarsdóttir.
**Umf. Geisli:** Árni Garðar Helgason
**Hestamannafélagið Þjálfi:** Jón Sverrir Sigtryggsson, Inga Þórey Ingólfsdóttir, Anita Karin Guttesen
**Umf. Gaman og alvara:** Ólafur Ingólfsson
**Íþr.fél. Völsungur:** Árný Björnsdóttir, Kristjana Ríkey Magnúsdóttir, Helena Ingólfsdóttir, Erla Bjarnadóttir, Þóra Kristín Jónasdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Heiðar Hrafn Halldórsson, Daníel Borgþórsson, Ajia Kotleva.
**Hestamannafélagið Grani:** Karin Gerhartl, Ingólfur Jónsson, Iðunn Bjarnadóttir
**Skákfélagið Huginn:** Hermann Aðalsteinsson, Sigurbjörn Ásmundsson, Sighvatur Karlsson.
**Umf. Einingin:** Sigurlína Tryggvadóttir, María Sigurðardóttir
**Skotfélag Húsavíkur:** Guðmundur Flosi Arnarson og Gylfi Sigurðsson
**Hestamannafélagið Feykir:** Halldís Gríma Halldórsdóttir
**Hestamannafélagið Snæfaxi:** Stefán Eggertsson, Hjördís Henriksen
**Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar:** Júlíus Björnsson
**Golfklúbburinn Hvammur:** Gunnar Guðmundsson

**Íþróttafélagið Magni:** Oddný Jóhannsdóttir, Stefán Hrafn Stefánsson, Gísli Gunnar Oddgeirsson
**Frjálsíþróttaráð HSÞ:** Guðrún Þórhallsdóttir

**5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga** kl.10:45
Engar umræður fóru fram. Skýrsla og reikningar samþykktir samhljóða.

**6. Ávörp gesta** kl.10:45
**Ingi Þór Ágústsson fulltrúi ÍSÍ**
Ingi Þór bar fyrir kveðju frá stjórn ÍSÍ. Ingi talaði um að félög innan HSÞ væru virk og sambandið vel rekið. Sem foreldri veit maður hvað þetta er mikið starf að sinna börnum. Lítil saga: Hjón eiga 4 börn og tóku þátt í öllu sjálfboðastarfi með börnunum og hann spurði hverig þau hafa orku í þetta allt, og svarið, þetta eru kannski 12 ár, ég ætla að gefa þeim það.
Reksturinn er mjög góður, það að eiga handbært fé upp á 12 milj. er mjög gott.
Starf ÍSÍ ítarleg skýrsla, og hægt að lesa um.
2 mál rædd, afrekshópur, a.b.c hópar. Aukinn styrkur vegna afrekshópa.
Ferðasjóður HSÞ 4,5 milj. Ferðalög gríðarlega mikil, Félög vestur á Ísafirði, 75% í ferðasjóð og laun 25%.
Vonandi getur ÍSÍ gert um betur. Umræða um skýrslu stjórnar, hvernig við getum eflt starfsemi enn frekar. Mörg félög enn starfandi, Hvering ætlum við að starfa eftir 10 til 15 ár? Viljum við vera háð öðrum aðilium. Sunnudagur í dag, æðislegt veður úti, samfélagið er að breytast, og sjálfboðaliðar er auður sem er sífelt sjaldgæfari. Það skemmtilegasta sem hann gerir er að verðlauna sjálfboðaliða fyrir gott starf á svæðinu. Flottasta nafn á ungmennafélagi „Gaman og Alvara“ Óli í Hlíð útskýrir nafnið. Huga að skemmtunum og líka kennslu.

Heiðursviðurkenningar:
Silfurmerki: Baldvin Kristinn Baldvinsson, Torfunesi, Hestamannafélagið Þjálfa. Formaður Þjálfa, Jón Sverrir Sigtryggsson tekur við viðurkenningu fyrir hönd Baldvins.
Silfurmerki: Kolbrún Ívarsdóttir (Kolla) Mývetningur. Sigurbjörn Ásmundsson tekur við viðurkenningu fyrir hennar hönd.

**Gunnar Gunnarsson, stjórnarmaður UMFÍ og formaður UÍA kl.10:50**
Gunnar kynnti sig og stöðu síða innan UMFÍ og bar fyrir góðar kveðjur frá stjórn UMFÍ og framkvæmdastjóra. HSÞ eitt af fáum héraðssamböndum sem hafa sameinast.
Stóra landsmótið á Sauðárkróki verður opnara, byggt á lýðheilsu, og Landsmót 50+ fellt inní, fóru til Dk til að skoða þeirra landsmót og byggja upp tengsl. Unglingalandsmót um versló í Þorlákshöfn. #Metoo minnst á, sláandi sögur, sem þarf að skoða og taka á, Fagráð UMFÍ, við þrufum líka að búa í haginn til að bæta menningu, í gangi starfshópur um samræmd vinnubrögð, víða um land sem sveitafélög pressa á félög um áætlanir og styrkir skilyrtir því. Vilja gögn frá höfuðstöðum um samrændar áætlanir. Reyna að hlusta á stuðning um félög, svipað fyrir austan og hér 3 framkvæmdastjórar á rúmu ári.
Fræðslusjóður UMFÍ opinn fyrir héraðssambönd og aðildarfélög.
Verkefni: efri brú í grímsnesi um páska fyrir ungt fólk.

Viðurkenning, Starfsmerki UMFÍ: Guðrún Kristinsdóttir formaður Völsungs
Leikjanámskeið á Húsavík, hefur starfað í um 32 ár fyrir Völsung. Fyrirmyndarfélag 2015.

Opið fyrir fyrirspurnir til fulltrúa ÍSÍ og UMFÍ:
Ólafur í Hlíð talar kl.:11:05
Hvaða stefnu á að taka
Geta ÍSÍ og UMFÍ hjálpað að sameina litlu félögin til að þau deyi ekki út. Eru foreldrar að gleyma að ala upp börnin sín. Tók sem dæmi að umgengni væri hræðileg í Ljósvetningabúð eftir 16 ára dansleiki. Ekki nóg að sameina héraðssambandið, fyrir lítil félög er erfitt að fá fólk til að mæta, sameining? Þurfum að létta á litlu félögunum. En fyrst og fremst að ala upp börnin, þurfa að virða umhverfið betur. Voru dansleikir fyrir 20-30 árum þá var slegist en fólk gekk vel um. Aga börn betur.
Ingi þór svarar Ólafi
Skemmtileg umræða, hefur starfað í lögreglu í mörg ár. Ýmislegt hefur breyst, Skulum ekki segja fólki hvernig á að ala upp börnin sín. Í sambandi við sameiningu, það er í höndum félaga að skoða það.
Oft erfitt að sameina, eignir,  hvað á að gera við þær? En félög innan HSÞ verða að skoða þetta sjálf, eins með óvirk félög að skila þess vegna 0 skýrslu, í Felix. En verðum að ræða þetta í okkar félagi.
Ari Jósavinsson spyr um gistingu fyrir félög á höfuðborgarsvæðinu
Auður frá UMFÍ svarar Ólafi, og Ara líka.
Gisting, miðað við aðstæður í dag, er ekki verið að leita leiðum UMFÍ til gistingar, þar sem miðað við kröfur í dag þarf að vera með hótel, og er það ekki stefna UMFÍ.
Um sameiningu félaga er flott að ræða þetta og ef áhugi er um sameiningu er gott að tala við UMFÍ, umræðan verður oft þannig að það skiptir oft meira máli hvað félögin heita en starfið, en við viljum aðstoða við sameiningar ef fólk hefur áhuga á því.

Aníta svarar Ólafi
Þarf að fara í samræður um sameiningu félaga, það þarf að vera skýr tilgangur og markmið með starfinu, á formannafundinum var skýrt orðað félögin þurfa að búa sér til verkefni sem snertir við fólkinu sem þetta snýr að. Er ekki bara umræða í félagi, heldur að koma umræðunni út úr félaginu. HSÞ, segir ekki félögum að sameinast, það er félaganna að ræða, en hjálpar að koma að fundi, og miðla áfram ef eru áhyggjur. Hefur verið umræðan, sbr, skýrslu stjórnar. Og áhyggjur svipaðar um allt svæðið. Vilja halda félagi gangandi, en fjarar út, sumir eru til í sameiningu, aðrir ekki. Um að gera að hætta ekki viðræðum, og skoða málið áfram, þó það taki langan tíma, ef áhugi er fyrir hendi. Þegar HSÞ sameinaðist var þetta mikið til af því að Norðurþing sameinaðist yfir héraðslínu og aðildarfélög mega ekki starfa á 2 félagssvæðum. Ný íþrótta og æskulýðsstefna. Setja aðgerðaráætlun í gang, og reyna að horfa á hvert félag fyrir sig, og misjafnar þarfir félaga. Taka fyrsta skrefið að eftirsóttu íþrótta og æskulýðsstarfi í Þingeyjarsýslu, og er verið að sameina t.d. skóla og annað, og krefst þess vegna, endurskoðunar á starfi aðildarfélaga HSÞ.

Ólafur aftur 11:30
Foreldrar segja börnin voru full, það er engin afsökun, á hann að taka myndir og setja á netið. Verður að taka á þessu. Virðing fyrir sjálfum sér, að leyfa sér að ganga illa um. Umgengni um allt og alla, verður að taka á.

Viðar Sigurjónsson
Skilur margt sem Óli er að segja, ekki síst um sameiningu, og góða og siðprúðu framkomu, hjálpar að stunda íþróttaiðkun og í gegnum regluverk sem við höfum læra þau góða hegðun.

Varðandi hugsanlega sameiningu, frumkvæði kemur frá iðkendum og aðstandendum sjálfum. Og þó að félög séu ólík, ef vilji er fyrir hendi þá er hægt að vera með umræður. Þegar fólk virkilega fer að ræða saman, er oft sami vilji þegar til endans kemur. Er stutt fara og vill ólmur hjálpa án skuldbindinga. Kostar ekki neitt. Finnst flott ný íþrótta og æskulýðsstefna HSÞ. Vill sjá HSÞ sem fyrirmyndarhérað. Ekki mikil vinna. Eitt að skipuleggja og auðvitað annað að fara eftir.

**7. Mál lögð fyrir þingið kl.11:40**

1. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum sem styrktu starfsemi sambandsins með einum eða öðrum hætti á árinu 2017.

2. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** hvetur aðildarfélög HSÞ, í kjölfar #metoo byltingarinnar, að kynna sér það fræðsluefni sem til er hjá ÍSÍ varðandi kynferðislegt áreiti og ofbeldi og jafnframt vera með góðar siðareglur. Fræðsluefni ÍSÍ má finna á: http://isi.is/fraedsla/kynferdislegt-areiti-og-ofbeldi/.

3. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** hvetur aðildarfélög HSÞ til að fjölmenna á 21. Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina þann 2. - 5. ágúst 2018. Mótið hefur ótvírætt forvarnargildi og er góður valkostur fyrir alla fjölskylduna.

4. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** hvetur aðildarfélög HSÞ til þess að fjölmenna á 28. Landsmót UMFÍ á Sauðárkróki dagana 12.-15. júlí. Mótið verður með nýju sniði þar sem allir 18 ára og eldri geta keppt í eða prófað fjölda íþróttagreina á sínum forsendum, auk annarrar skemmtunar og fróðleiks sem í boði verður fyrir alla fjölskylduna.

5. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** hvetur aðildarfélög HSÞ til að hvetja eldri félaga sína til þátttöku á 8. Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður samhliða Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki dagana 12.-15. júlí. Mótið er íþrótta- og heilsuhátíð og er góð hvatning fyrir eldri ungmennafélaga og annað eldra fólk til að halda sér í góðu formi, ásamt því að vera góður kostur fyrir alla fjölskylduna.

6. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir að skattur aðildarfélaga til HSÞ, á hvern félaga 16 ára og eldri, verði 600 kr árið 2018 vegna Landsmótsárs.

7. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir breytingu á orðalagi í reglugerð HSÞ um Lottó. Breytingarnar eru eftirfarandi (út fer ~~yfirstrikað~~, *skáletruð* setning kemur inn):
   - Lottótekjurnar skiptast þannig: Af óskiptu fari: *5% sem skiptist jafnt á milli:* ~~2,5% til~~ Afreksmannasjóðs HSÞ~~, 2,5% til~~ Akstursstjóðs HSÞ […].
   - Með breytingum hljóðar upphaf lottóreglugerðarinnar þá þannig: Lottótekjurnar skiptast þannig: Af óskiptu fari: 5% sem skiptist jafnt á milli: Afreksmannasjóðs HSÞ, Akstursjóðs HSÞ […].

   *Rökstuðningur: Fyrra orðalag gat verið villandi, hvort taka ætti fyrst 2,5% af óskiptu fyrir Afreksmannasjóð, og þá 2,5% af því sem eftir væri fyrir Akstursjóð.*

8. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir að hækka hlutfall lottótekna sem fer til HSÞ upp í 30% og félög fái þá 70%. Lottóreglugerðina skal uppfæra til samræmis þannig að þar komi fram:
   - […] Af því sem þá er eftir: 30% til HSÞ, 70% til aðildarfélaga HSÞ […].

   *Rökstuðningur: Fyrirsjáanlegt er að aukinn kostnaður fylgi rekstri skrifstofunnar m.a. vegna launa, aksturs og annars sem til fellur. Þetta var í umræðum stjórnar árið 2016 að þessu þyrfti að breyta.*

9. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir breytingu á orðalagi b) liðar 6. greinar Aksturssjóðs HSÞ sem hljóðar þá:
   - 6. grein: Tekjur Aksturssjóðs eru:
     a) 2,5% af óskiptum lottótekjum HSÞ.
     b) Tekjur frá Íslenskum getraunum.
     c) Frjáls framlög og söfnunarfé.
     d) Vaxtatekjur.

   *Rökstuðningur: Í fyrri samþykkt var ranglega vísað til tekjuliðar í b), tekjuliðurinn er Íslenskar getraunir (1X2 o.þ.h.) en ekki Íslensk getspá*

10. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á 3. grein Aksturssjóðs HSÞ varðandi vegalengd á æfingastað. 3. grein hljóðar þá:
    - 3. grein: Eingöngu félagar […] Til að umsókn geti farið fyrir aksturssjóð HSÞ þarf akstur á æfingastað að vera umfram 35 km hvora leið […]

    *Rökstuðningur: Ekki var mikið sótt í sjóðinn á síðasta ári og því lögð fram tillaga að stytta vegalengdina í von um að fjölga umsóknum. Vegalengdin skv. síðustu samþykkt var 40 km hvora leið*

11. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum 11. mars 2018,** samþykkir að fela stjórn sambandsins, í samvinnu við aðildarfélög þess, önnur samtök, sveitarfélög, skóla, fyrirtæki o.fl. að móta stefnu sem hefur það að markmiði að auka íþróttaiðkun, hreyfingu og lýðheilsu íbúa á svæðinu (sjá fylgiskjal á blaðsíðu 3, *Tillaga um mótun íþrótta- og æskulýðsstefnu Héraðssambands Þingeyinga (HSÞ) – Æfum alla ævi*).

12. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir breytingu á lögum sambandsins, 8. grein, varðandi fjölda í aðalstjórn þannig að 5 manns skipi aðalstjórn í stað 7 áður. Breytingarnar eru eftirfarandi (út fer ~~yfirstrikuð~~ setning, *skáletruð* setning kemur inn):
    - 8. grein: Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. ~~Þingið kýs 7 menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en þrír meðstjórnendur annað hvert ár~~. *Þingið kýs 5 menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega og tveir meðsjórnendur annað hvert ár.* Einnig skal kjósa þrjá varamenn til tveggja ára. Skal einn kosinn annað árið og tveir hitt. Varamönnum skal raða í númeraröð og taka þeir sæti samkvæmt henni. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra […].

- 8. grein hljóðar þá með breytingum: Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kýs 5 menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega og tveir meðsjórnendur annað hvert ár. Einnig skal kjósa þrjá varamenn til tveggja ára. Skal einn kosinn annað árið og tveir hitt. Varamönnum skal raða í númeraröð og taka þeir sæti samkvæmt henni. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra […].

*Rökstuðningur: Fimm manna stjórn tíðkast víðast hvar í samböndunum umhverfis okkur og þykir óþarfi að hafa 7 manns í stjórn.*

13. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir að ársþing HSÞ 2019 verði haldið af Golfklúbbi Mývatnssveitar og Akstursíþróttafélagi Mývatnssveitar.

14. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir fjárhagsáætlun stjórnar HSÞ eins og hún er lögð fyrir. Sjá fylgiskjal á bls. 4.

15. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. mars 2018,** samþykkir tillögu uppstillingarnefndar um fulltrúa í stjórn og nefndir HSÞ

# Fulltrúar fyrir HSÞ starfsárin 2018-2019

| | Ár | Félag | Heimilisfang | Sími | Netfang |
|---|---|---|---|---|---|
| **Formaður í kjöri til eins árs** | | | | | |
| Jónas Egilsson | 2018-2019 | Umf. Langnesinga | | 863-9258 | jonase@centrum.is |
| **Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára** | | | | | |
| Stefán Jónasson | 2017-2019 | Umf Tjörnesinga | Héðinshöfða 2, 641 Húsavík | 464-1945 / 895-6752 | stefij@islandia.is |
| Hermann Aðalsteinsson | 2017-2019 | Skákf. Huginn | Lyngbrekku, 641 Húsavík | 464-3187 / 821-3187 | lyngbrekku@simnet.is |
| Sigurbjörn Ásmundsson | 2017-2019 | Skákf. Huginn | Stöng, 660 Mývatn | 866-5017 | bjossiasm@outlook.com |
| **Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára** | | | | | |
| Selmdís Þráinsdóttir | 2018-2020 | Íþr.fél. Völsungur | Stekkjarholti 6, 640 Húsavík | 865-5741 | |
| Ásdís Inga Sigfúsdóttir | 2018-2020 | Umf. Efling | Lautavegi 5, 650 Laugar | 848-4680 | |
| Jón Sverrir Sigtryggsson | 2018-2020 | Hestamannafél. Þjálf | Kili, 641 Húsavík | 824-3496 | jon@adaldalur.is |
| **Varamenn í kjöri til tveggja ára** | | | | | |
| Þorsteinn Þormóðsson | 2018-2019 | Íþr.fél.Magni | Melgötu 12, 610 Grenivík | 893-1887 | steini68@internet.is |
| Sölvi Steinn Alfreðsson | 2017-2019 | Umf Langnesinga | Langanesvegi 35, 680 Þórshöfn | 468-1413/863-5188 | solvi5@hotmail.com |
| **Varamaður í kjöri til tveggja ára** | | | | | |
| | 2018-2020 | | | | |
| **Skoðunarmenn reikninga** | | | | | |
| Kristján I. Jóhannesson | | Umf Bjarmi | Hróarsstöðum, 601 Akureyri | 462-2320 / 868-3853 | kijh@simnet.is |
| Jón Þórir Óskarsson | | Umf Bjarmi | Illugastöðum, 601 Akureyri | 462-2699 / (898-6199) | hlif@est.is |
| Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir | | Mývetningur | Sjónarhóli, 660 Mývatn | 464-4334 / 866-9910 | |
| **Stjórn afreksmannasjóðs** | | | | | |
| Hermann Aðalsteinsson, formaður | | Skákf. Huginn | Lyngbrekku, 641 Húsavík | 464-3187 / 821-3187 | lyngbrekku@simnet.is |
| Jón Friðrik Benónýsson | | Umf Efling | Lautarvegi 8, 641 Húsavík | 464-2240 / 891-7849 | jonben@laugar.is |
| Ágústa Pálsdóttir | | Íþr.fél. Völsungur | Baughóli 62, 640 Húsavík | 464-2844 / 820-2844 | robrag@mi.is |
| Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir | | Mývetningi | Sjónarhóli, 660 Mývatn | 464-4334 / 866-9910 | |
| **Stjórn akstursjóðs - 1 á hverju ári til 3 ára** | | | | | |
| Anita Karin Guttesen, formaður | 2016-2019 | Umf Efling | Birkifelli, 650 Laugar | 465-2276 / 695-5161 | anitakg@gmail.com |
| Svanhildur Kristjánsdóttir | 2017-2020 | Gaman og alvöru | Granastöðum, 641 Húsavík | 898-0463 | granastadir@gmail.com |
| Stefán Jónasson | 2018-2021 | Umf Tjörnesinga | Héðinshöfða 2, 641 Húsavík | 464-1945 / 895-6752 | stefij@islandia.is |
| **Frjálsíþróttaráð - sjálfstætt** | | | | | |
| Guðrún Þórhallsdóttir | | | Fellsenda, 641 Húsavík | 568-8568 / 862-2297 | gudrunthorhalls@hotmail.com |
| Svanhildur Kristjánsdóttir | | Gaman og alvöru | Granastöðum, 641 Húsavík | 898-0463 | granastadir@gmail.com |
| María Sigurðardóttir | | Umf Einingin | Lækjavöllum 1, 645 Fosshóll | 461-5494 / 898-1404 | mallalitla@hotmail.com |
| Nanna Steina Höskuldsdóttir | | Umf Austri | Höfða, 675 Raufarhöfn | 868-6847 | nannast@internet.is |
| Guðrún Dís Emilsdóttir | | Íþr.fél.Völsungur | | | |
| Herdís Sigurðardóttir | | Íþr.fél.Völsungur | Uppsalavegi 8, 640 Húsavík | 821-1339 | |
| **Almenningsíþróttanefnd** | | | | | |
| Þorgrímur Daníelsson, formaður | | Umf Geisla | Grenjaðarstaður, 641 Húsavík | 893-1804 | dagvar@mi.is |
| Nanna Þórhallsdóttir | | Umf Bjarmi | Brekkutúni, 601 Akureyri | 462-6210 / 862-6240 | nannath@simnet.is |
| Helen Jónsdóttir | | Umf Bjarmi | Birkimel, 641 Húsavík | 864-3228 | birkimelur@gmail.com |
| **Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna** | | | | | |
| Marinó Eggertsson | | | Ekrugötu 6, 670 Kópaskeri | 465-2145 / 892-2145 | mpe@mett.is |
| Þórir Aðalsteinsson | | Umf Efling | Hólavegi 10, 650 Laugar | 464-1446 / 865-8602 | |
| Árni Garðar Helgason | | Umf Geisli | Húsabakka, 641 Húsavík | 464-3665/868-7749 | arnihelgason66@gmail.com |
| **Knattspyrnunefnd** | | | | | |
| Ásdís Hrönn Viðarsdóttir | | Umf Langnesinga | Sunnuvegi 5a 680 Þórshöfn | 615-8000 | asdis@thorshafnarskoli.is |
| Þorsteinn Þormóðsson | | Íþr.fél. Magni | Melgötu 12, 610 Grenivík | 893-1887 | steini68@internet.is |
| Hinrik Geir Jónsson | | Mývetningur | Klapparhraun 4d, 660 Mývatn | 866-5178 | hinrikjons@gmail.com |
| **Sundnefnd** | | | | | |
| Heiða Guðmundsdóttir | | | Fagranesi, 641 Húsavík | 551-7009 / 820-8277 | |
| Brynja Ingólfsdóttir | | Mývetningur | Lynghrauni 4, 660 Mývatn | 464-4393 / 868-6821 | |
| Árný Björnsdóttir | | Íþr.fél. Völsungur | Stórhól 3, 640 Húsavík | 464-2306 / 863-6614 | addabjorn@simnet.is |
| **Unglingalandsmótsnefnd** | | | | | |
| Dagbjört Aradóttir | | Umf Langnesinga | Hálsvegi 11, 680 Þórshöfn | 868-8047 | didda@langanesbyggd.is |
| Hrafngerður Ösp Elíasdóttir | | Umf Langnesinga | Langanesvegi 26, 680 Þórshöfn | 893-3608 | |
| Anita Karin Guttesen | | Hestamannafél. Þjálfi | Birkifelli, 650 Laugar | 465-2276 / 695-5161 | anitakg@gmail.com |
| Elfa Benediktsdsóttir | | Umf Langnesinga | Pálmholti 15, 680 Þórshöfn | 468-1305 | elfa@isfelag.is |
| **Landsmótsnefnd f. LM UMFÍ 2018** | | | | | |
| Formaður HSÞ | | | | | |
| Gjaldkeri HSÞ | | | | | |
| Ari H. Jósavinsson | | Umf. Geisli | Miðhvammi, 641 Húsavík | 892-0777 | ari27@simnet.is |
| Elsa Björk Skúladóttir | | Íþr.fél. Völsungur | Saltvík, 640 Húsavík | 864-2062 | elsa@saltvik.is |
| Böðvar Pétursson | | Mývetningur | Baldursheimi, 660 Mývatn | 856-1153 | bodvar@myv.is |
| **Starfsmaður:** | | | | | |
| Gunnhildur Hinriksdóttir, framkv.stj. | | Skrifstofa opin: Mánudaga kl. 09:00 - 15:00 | | 896-3107 / 694-5244 | hsth@hsth.is |

16. **10. Ársþing HSÞ haldið í Ýdölum, 11. Mars 2018,** Leggur til að stjórn HSÞ skoði að verða fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

*Fylgiskjal með tillögu nr. 11: Tillaga um mótun íþrótta- og æskulýðsstefnu Héraðssambands Þingeyinga (HSÞ) – Æfum alla ævi*

***Markmið*** þessarar stefnu er að skapa umhverfi fyrir fólk á öllum aldri til þess að stunda íþróttir og hreyfingu við sitt hæfi, helst alla ævi, hvort sem það er til keppni eða til heilsubótar og ánægju, hver á sínum eigin forsendum.
Hluti af þessari stefnu er einnig að efla virkni og þátttöku sjálfboðaliða í störfum bæði innan og utan sambands, hvetja stjórnvöld til aðgerða, efla sameiginlega viðburði og kynningarstarfsemi um heilbrigt líferni o.s.frv.
Stefna þessi verður áfangaskipt í samvinnu við hlutaðeigandi félög, íþróttagreinar og aðila eftir aðstæðum og þörf hverju sinni. Hún skal unnin í samvinnu við bæði ÍSÍ og UMFÍ og samræmast meginmarkmiðum þessara samtaka um útbreiðslu.
Stjórn HSÞ verður einnig heimilt að leita stuðnings innan héraðs og utan vegna mótunar þessarar stefnu og við að hrinda henni í framkvæmd.

*Greinargerð*

Víða hérlendis og erlendis eru samtök innan íþróttahreyfingarinnar og stjórnvöld að taka höndum saman í að efla heilsu og vellíðan íbúanna. Íþróttahreyfingunni er nauðsynlegt að horfa út fyrir hinn „hefðbundna“ ramma og víkka út sitt starfssvið – til allra íbúa, þeirra yngstu, barna og unglinga afreksmanna og fullorðinna og ekki síst eldri borgara.
Þetta er grunnhugmynd og mun þróast og taka breytingum við vinnslu og nánari skoðun. Greiningarvinna þarf að eiga sér stað á starfsemi íþróttafélaga, umfangi þeirra og eðli innan héraðs. Skoða þarf hvernig héraðssambandið geti sem best unnið með félögunum til að efla þeirra starf og bæta. Eins þyrfti að skoða samstarf íþróttahreyfingarinnar við sveitarfélög og atvinnulífið. Eðli málsins samkvæmt er starfsemin mismunandi eftir stöðum og íþróttagreinum og sníða þarf leiðir að aðstæðum hverju sinni. Fræðslu- og upplýsingarstarf verður mikilvægur þáttur í að koma þessari stefnu í framkvæmd.
Við undirbúningsvinnu og framkvæmd yrði stuðust við það sem þegar er til staðar, tækifæri nýtt og ný tækifæri sköpuð þar sem aðstæður byðu upp á. Sambandið yrði að leita til Atvinnuþróunarfélagsins mögulega um greiningarvinnu og við áætlanagerð, sem og til sérfræðinga á svæðinu um mótun stefnunnar sjálfrar.

Ávinningur

Félagslegt og heilsufarslegt gildi góðrar hreyfingar og íþrótta er vel þekkt. Hún hefur samfélagslegt gildi og eykur lífslíkur fólks. Börn sem stunda íþróttir ná almennt betri árangri í námi, öðlast aga og aukið sjálfstraust. Góð og regluleg hreyfing eykur lífsgæði og vellíðan almennt og ætti að vera keppikefli allra byggðarlaga að auka sem mest. Góð íþrótta- og æskulýðsstefna gæti hleypt styrkari stoðum undir búsetuskilyrði í sýslunni, öllum til hagsbóta.
Máttur breiðrar samstöðu er vel þekktur. Þingeyjarsýsla er ekki fjölmenn, með um 5.800 íbúa samtals, þar af um helmingur í einu sveitarfélagi, en svæði sýslunnar er mjög stórt, stærsta sýsla landsins að flatarmáli.

### Skipulag

Að þingi loknu er gert ráð fyrir skipun þriggja starfshópa:

- Fjármögnun og upplýsingar
- Barna- og unglingaíþróttir, afreksíþróttir
- Almenningsíþróttir og viðburðir

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri HSÞ yrði bæði lykil starfsmaður í framkvæmd þessarar vinnu og tengiliður milli þessara hópa, við stjórn, gagnvart aðildarfélögum o.fl.
Fram að hausti yrði unnið grunnplan sem yrði kynnt aðilarfélögunum eigi síðar en í *september 2018*. Grunnur stefnunnar yrði síðan kynntur fyrir aðildarfélögunum og sveitarfélögum í kjölfarið. Samhliða yrði leitað fjármögnunar hjá sveitarfélögum og hjá fyrirtækjum innan sambandssvæðisins.
Í kjölfarið yrði farið í að koma stefnunni í framkvæmd, skref fyrir skref. Miðað við reynslu, er nauðsynlegt að fara vel yfir framkvæmdina, laga hana að hverju félagi fyrir sig, bæði efnislega og í tíma.

### Áætlað umfang og kostnaður

Áætlað er að til að koma verkefni af þessu tagi áfram taki um það bil eitt stöðugildi í um 2-3 ár. Mánaðarlegur kostnaður vegna starfsmanns gæti verið um kr. 5-600.000 á mánuði, eða árlega 6 – 7 m.kr. og um 18 – 20 m.kr. samtals miðað við þriggja ára undirbúning.
Einhver kostnaður kæmi til við undirbúningsvinnu í vor og sumar, en ekki yrði ráðist í að fá starfsmann eða efna til verulegra útgjalda fyrr en skýrari áætlanir lægju fyrir sem og samþykki og stuðningur aðildarfélaga.
Fjármögnum kæmi mögulega með framlögum félaga að nokkru leyti, en þó aðallega frá sveitarfélögum og öðrum aðilum.

**8. Skipan í starfsnefndir**

**Allsherjarnefnd:** Gunnhildur Hinriksdóttir Flutningsmaður Hermann Aðalsteinsson
Tillögur 1-2-11-13

**Íþróttanefnd:** Jóhanna Jóhannesdóttir
Tillögur 3-4-5-11

**Fjárhagsnefnd:** Anita Karin Guttesen
Tillögur 6-8-14

**Laganefnd:** Stefán Jónasson
Tillögur 7-8-9-10

Tillaga 12 dregin tilbaka

**9. Nefndastörf og nefndir skila áliti**
**Afgreiðsla mála**

**Tillaga nr.1. Flutningsmaður:** Hermann Aðalsteinsson
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.2. Flutningsmaður:** Hermann Aðalsteinsson
Breytingartillaga:
10. ársþing HSÞ haldið í Ýdölum 11.mars 2018 hvetur aðildarfélög í kjölfar #metoo byltingarinnar að setja sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræða sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Fræðsluefni ÍSÍ má finna á http://isi.is/fraedsla/kynferdislegt-areiti-og-ofbeldi/.
Breytingatillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.3. Flutningsmaður:** Jóhanna Jóhannesdóttir
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.4. Flutningsmaður:** Jóhanna Jóhannesdóttir
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.5. Flutningsmaður:** Jóhanna Jóhannesdóttir
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.6. Flutningsmaður:** Aníta Karin Guttesen
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt með 31 atkvæði gegn 20

**Tillaga nr.7. Flutningsmaður:** Stefán Jónasson
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.8. Flutningsmenn:** Anita Karin Guttesen og Stefán Jónasson
Aníta gerði grein fyrir breytingunni, tillagan var samþykkt naumlega í fjárhagsnefnd.
Stefán gerði grein fyrir vinnu laganefndar, en tillagan var felld í laganefnd.

Jónas Egilsson kvað sér hljóðs og talaði fyrir tillögunni.

Guðrún Kristinsdóttir kvað sér hljóðs og var alfarið á móti tillögunni, þar sem þetta kemur illa við Völsung þar sem Völsungur hefur gert ráð fyrir þessum peningum í fjárhagsáætlun sinni.

Aníta kveður sér aftur hljóðs og segir frá hvernig skipting lottótekna eru hjá öðrum héraðssamböndum, en þau halda eftir allt að 60% af lottótekjum.

Stefán Eggertsson kvað sér hljóðs og styður tillöguna.

Heiðar Hrafn Halldórsson kvað sér hljóðs og vildi að menn skoðuðu málið nánar og hverjir mættu frekast við skerðingu.

Þorsteinn Æ. Egilsson kvað sér hljóðs og studdi tillöguna.

Tillagan borin upp til atkvæða og felld á jöfnu, 27 atkvæði gegn 27.

**Tillaga nr.9. Flutningsmaður:** Stefán Jónasson
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.10. Flutningsmaður:** Stefán Jónasson

Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.11. Flutningsmenn:** Jóhanna Jóhannesdóttir og Hermann Aðalsteinsson
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.12. Flutningsmaður:**
**Tillagan var dregin til baka af stjórn HSÞ**

**Tillaga nr.13. Flutningsmaður:** Hermann Aðalsteinsson
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.14. Flutningsmaður:** Anita Karin Guttesen
Lögð fram breytingartillaga miðað við óbreytt lottó.

**Fjárhagsáætlun Héraðssambands Þingeyinga; tekjur**

| TEKJUR: | Áætlun 2016 | Rekstur 2016 | Áætlun 2017 | Rekstur 2017 | Áætlun 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skattar aðildarfélaga | 1.500.000 | 1.476.000 | 1.500.000 | 1.500.000 | 1.800.000 |
| Styrkir sveitarfélaga | 2.820.000 | 3.009.600 | 3.000.000 | 3.333.400 | 3.500.000 |
| Ýmsir styrkir | 150.000 | 100.000 | 150.000 | 0 | 100.000 |
| Lottó | 6.500.000 | 8.150.100 | 7.200.000 | 6.690.259 | 7.000.000 |
| Útbreiðslustyrkur og ós.vinn. | 390.000 | 664.476 | 400.000 | 550.679 | 450.000 |
| Íslenskar Getraunir | 300.000 | 181.052 | 200.000 | 168.692 | 150.000 |
| Afmælisrit | 140.000 | 0 | 70.000 | 12.000 | 0 |
| Unglingalandsmót UMFÍ | 0 | 343.500 | 300.000 | 400.000 | 300.000 |
| Styrkir í Afreksmannasjóð | 360.000 | 0 | 50.000 | 0 | 0 |
| Aksturssjóður | 200.000 | 0 | 250.000 | 0 | 0 |
| Leiga HSÞ-tjald | 90.000 | 0 | 120.000 | 345.000 | 150.000 |
| Sala á HSÞ jökkum | 20.000 | 18.000 | 20.000 | 27.000 | 10.000 |
| Sala á HSÞ-diski, landsmót | 10.000 | 10.000 | 5.000 | 0 | 0 |
| Sala á HSÞ-pennum | 0 | 1.500 | 0 | 0 | 0 |
| Samskip | 150.000 | 194.196 | 150.000 | 0 | 0 |
| Sparisjópur S-Þing | | 0 | 0 | 0 | 250.000 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 0 | 2.000 | 50.000 |
| Leiðr.upps. V. Mæt. Á Þing | | 0 | 0 | 1.262.018 | 0 |
| Bakf.tekjur óvirk félög | | 0 | 0 | -377.426 | 0 |
| Íþrótta- og æskulýðsstefna HSÞ | | 0 | 0 | 0 | 500.000 |
| **Samtals** | **12.630.000** | **14.148.424** | **13.415.000** | **13.913.622** | **14.260.000** |
| | | | | | |
| Vextir | 50.000 | 189.642 | 100.000 | 136.712 | 100.000 |

| GJÖLD: | Áætlun 2016 | Rekstur 2016 | Áætlun 2017 | Rekstur 2017 | Áætlun 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnunarkostnaður | 1.500.000 | 1.449.476 | 1.500.000 | 1.306.676 | 1.500.000 |
| Launakostnaður | 2.800.000 | 2.567.530 | 3.000.000 | 3.866.724 | 4.000.000 |
| Bókhald/Endurskoðun | 500.000 | 450.075 | 400.000 | 308.498 | 350.000 |
| Lottó til aðildarfélaga | 4.900.000 | 6.295.750 | 5.200.000 | 5.034.043 | 5.360.000 |
| Héraðsmót /Knattspyrna | 80.000 | 0 | 50.000 | 0 | 50.000 |
| Héraðsmót /Sund | 50.000 | 28.215 | 50.000 | 28.605 | 50.000 |
| Héraðsmót /Skák | 50.000 | 30.000 | 50.000 | 0 | 50.000 |
| Landsmót UMFÍ | 0 | 0 | | | 300.000 |
| Afreksmannasjóður | 450.000 | 100.000 | 300.000 | 200.000 | 300.000 |
| Fræðslusjóður | 120.000 | 0 | 120.000 | | 120.000 |
| Akstursssjóður | 0 | 0 | 400.000 | 11.400 | 400.000 |
| ULM UMFÍ | 250.000 | 294.232 | 250.000 | 437.798 | 400.000 |
| Frjálsíþróttaráð | 500.000 | 500.000 | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| Áhöld og tæki | 50.000 | 13.648 | 40.000 | | 25.000 |
| Ýmis kostnaður; | 50.000 | 44.400 | 50.000 | | 25.000 |
| HSÞ-jakkar / bolir | 0 | 207.052 | 100.000 | 80.518 | 100.000 |
| Greiddir styrkir | 50.000 | 21.600 | 50.000 | 74.396 | 50.000 |
| Niðurfærsla birgða | 100.000 | 1.218.006 | 300.000 | 16.045 | 200.000 |
| Viðhald kerra/tjald | 50.000 | 69.958 | 100.000 | | 50.000 |
| Íþrótta- og æskulýðsstefna HSÞ | | | | | 500.000 |
| Þjónustugj./fjármagnst.sk. | | 47.933 | 50.000 | 33.873 | 45.000 |
| **Samtals:** | **11.500.000** | **13.337.875** | **12.510.000** | **11.898.576** | **14.375.000** |
| **Hagnaður/Tap** | **1.130.000** | **810.549** | **905.000** | **2.015.046** | **-115.000** |

Breytingartillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.15. Flutningsmaður:** Aníta Karin Guttesen
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.16. Flutningsmaður:** Jóhanna Jóhannsdóttir
Tillaga borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**10. Kosningar**
**Uppstillingarnefnd skilar af sér kl.14:15**
Anita Karin Guttesen formaður lagði fram tillögu uppstillinganefndar.
Tillögur uppstillinganefndar voru samþykktar.

**11. Verðlaunaafhending 14:30**
Hvatningarverðlaun HSÞ 2017: Elmar Örn Guðmundsson Völsungur/handbolti
Blakmaður HSÞ árið 2017: Sladjana Smiljanic Völsungur
Bocciamaður HSÞ árið 2017: Sverrir Sigurðsson Völsungur
Langhlaupari HSÞ árið 2017: Anna Halldóra Ágústsdóttir
Frjálsíþróttamaður HSÞ árið 2017: Eyþór Kári Ingólfsson
Glímumaður HSÞ árið 2017: Pétur Þórir Gunnarsson
Knattspyrnumaður HSÞ árið 2017: Dagbjört Ingvarsdóttir
Skákmaður HSÞ árið 2017: Tómas Veigar Sigurðsson
Skotíþróttamaður HSÞ árið 2017: Gylfi Sigurðsson
Íþróttamaður HSÞ árið 2017: Eyþór Kári Ingólfsson

**12. Önnur mál**
**Viðar Sigurjónsson**
Þakkar fyrir þingið og góðar og málefnalegar umræður. Og er búinn og boðinn til að hjálpa til að koma að hinum ýmsu málum og einnig koma að sameiningarmálum án skuldbindinga og óskar góðrar ferðar

**Gunnar Gunnarsson**
Þakkar fyrir þingið, og þakkar Anítu fyrir velunnin störf.

**Heiðar Hrafn Halldórsson:**
Þakkar fyrir gott þing. Umræður í matartíma voru uppeldisbætur á ungum íþróttamönnum. Stóru klúbbarnir á Íslandi stækka ört, snjóbolta áhrif. FH er orðið mjög auðugt. Oft á tíðum notuð ómerkileg brögð, við að ná góðum og efnilegum íþróttamönnum úr litlu félögunum og í stóru félögin.
Eru einhverjar lagabreytingar eða tól hjá ÍSÍ við uppeldisbætur, er hægt að tryggja þetta betur? Erum oft að tala um litlar upphæðir en mikilvægt að tryggja betur þar sem er gott æskulýðsstarf.

**Ari Heiðmann Jósavinsson:**
Talar um samninga að láta krakkana skrifa undir samning.

**Viðar Sigurjónsson:**
Þakkar Heiðari fyrir fyrirspurnina og henni verður komið á framfæri.

**Stefán Eggertsson:**
Velja fólk samtaka í yfirstjórn, gott ef hægt er að stýra því að það sé ekkert við og þið. Finnst vanta fleiri fulltrúa frá Völsung í stjórn.

**Ari Heiðmann Jósavinsson:**
Selmdís sem er ný í stjórn er frá Völsungi.

**Hermann Aðalsteinsson:**
Fyrir hönd nýrrar stjórnar, þakkar Anítu fyrir góð og vel unnin störf síðustu 3 ár.

**Þökkum Kvenfélagi Aðaldælinga fyrir veitingar.**

**Anita Karin Guttesen:**
Óskar nýrri stjórn til hamingju og þakkar fyrir sig og samstarfið og þakkar Gunnhildi fyrir samstarfið þessa fáu mánuði. Hún fer sátt úr stjórn HSÞ. Þakkar fyrir góðar umræður, þrátt fyrir að allar tillögur hafi ekki verið samþykktar, enda er þingið til að ræða hin ýmsu málefni.

**Önnur mál formlega lokið**
Nýr formaður tekur til orða. Jónas hlakkar til og starfið framundan verður ekki auðvelt og hefur verið vel haldið utan um fjármál félagsins. Það þarf að efla starf héraðssambandanna. Þrátt fyrir stórt svæði þarf að reyna að efla starfið og forgangsraða. Stöðugleiki og góður fjárhagur er grunnur að því sem koma skal. Héðan hafa komið góðar hugmyndir sem hafa haft áhrif á allt landið í heilt. Fagnar nýrri íþrótta og æskulýðsstefnu. Þurfum að byggja á því starfi sem er nú þegar til staðar og þurfum að ná til allra og virkja sjálfboðaliða. Þetta er mikil

vinna og þarf að hjálpast að svo vinnan lendi ekki alltaf á sama fólki. Efla innri umræðu og samskipti. Þakkar öllum fyrir störf og óskar öllum góðrar heimferðar.

**ÞINGSLIT kl. 15:15**
Jónas Egilsson

**VIÐAUKI - Nefndaskipan**

**Allsherjanefnd**
Gunnhildur Hinriksdóttir - Formaður nefndar
Hjalti Gylfason
Júlíus Björnsson
Iðunn Bjarnadóttir
Karin Gerhartl
Sigurlína Tryggvadóttir
Hermann Aðalsteinsson
Halldís Gríma Halldórsdóttir
Þorsteinn Ægir Egilsson
Helena Eydís Ingólfsdóttir
Kristjana Ríkey Magnúsdóttir
Sighvatur Karlsson
Helen Jónsdóttir
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir
Jónas Egilsson

**Íþróttanefnd**
Jóhanna Jóhannesdóttir - Formaður nefndar
Magnea Dröfn Hlynsdóttir
Árný Björnsdóttir
Aija Kotleva
María Sigurðardóttir
Birna Davíðsdóttir
Guðrún Þórhallsdóttir
Árni Garðar Helgason
Steingrímur Viðar Karlsson
Hjördís Matthilde Henrikssen
Stefán Bogi Aðalsteinsson
Halldóra Friðbergsdóttir
Sigríður Harpa Jóhannesdóttir
Kristín Magnúsdóttir
Birna Dögg Magnúsdóttir
Erla Bjarnadóttir

**Laganefnd**
Stefán Jónasson - Formaður nefndar
Guðrún Kristinsdóttir
Ingólfur Jónsson
Guðmundur Flosi Arnarson

Ásdís Hr. Viðarsdóttir
Jódís A. Jóhannesdóttir
Þóra K. Jónasdóttir
Sigurbjörn Reynir Björgvinsson
Stefán Hrafn Stefánsson
Óttar Jósefsson
Sigurbjörn Ásmundsson
Inga Þórey Ingólfsdóttir
Gunnar Guðmundsson
Gísli Gunnar Oddgeirsson
Oddný Jóhannsdóttir
Gylfi Sigurðsson

**Fjárhagsnefnd**
Anita Karin Guttesen - Formaður nefndar
Jóhanna Guðjónsdóttir
Ásdís Jónsdóttir
Stefán Eggertsson
Jón Sverrir Sigtryggsson
Almar Marínósson
Aðalsteinn Már Þorsteinsson
Jón Þ. Óskarsson
Sigríður Jóhannesdóttir
Daníel Borgþórsson
Heiðar Hrafn Halldórsson
Ólafur Ingólfsson